



Fundargerð stjórnar HSÍ

Miðvikudaginn 1. nóvember 2017



Níundi fundur 60. stjórnar HSÍ var haldinn í fundarsal HSÍ, Íþróttamiðstöðinni Laugardal, miðvikudaginn 1. nóvember 2017 kl.12.00

Mættir voru: Davíð B. Gíslason, Guðmundur B. Ólafsson, Guðríður Guðjónsdóttir, Hjalti Þór Hreinsson og Þorbergur Aðalsteinsson. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Arnar Þorkelsson, Guðjón L. Sigurðsson, Hjördís Guðmundsdóttir og Jakob Sigurðsson.

Fjarverandi: Enginn

Petta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. A landslið karla
GBO rakti stöðu mála varðandi A landslið karla og ræddi stjórnin stöðuna vítt og breitt. Einnig er hugmynd um að ráða inn styrkþjálfara fyrir öll landslið og fá GBO og RG heimild til að vinna málið áfram.
3. Ný Laugardalshöll
GBO sagði frá þeirri vinnu sem hefur átt sér stað.
4. Fjármál
RG fór yfir stöðu mála. Staðan er þung í lok árs en vel hefur gengið að ná niður vanskilum.
5. Staða samstarfssamninga
RG fór yfir stöðu mála varðandi endurnýjanir varðandi samstarfssamninga sem og gerð nýrra.
6. Önnur mál
 - a. Dómaramál
DBG kynnti fund sem hann og RG tóku með dómara nefnd og HDSÍ varðandi yfirferð á viðmiðum dómara sem breytt verða í reglur. Laganefnd hefur unnið að nýjum viðmiðum og kynnti DBG uppkast af þeim. Viðmiðin verða send stjórn HSÍ
 - b. Erindi frá Akureyri handboltafélagi
HH vék af fundi meðan málið var afgreitt. Skv. reglum er skilyrði fyrir leikheimild að félagaskipti verði tilkynnt með formlegum hætti. Það var ekki gert í þessu tilviki og telur því stjórn HSÍ ekki tilefni til að aðhafast frekar í málinu.
 - c. Bikarkeppni HSÍ
Ákvörðun mótanefndar um að seinka bikarúrslitum um tvær vikur vegna tvíbókunar á Laugardalshöll er staðfest.
 - d. Deildarbikarkeppni HSÍ
Málinu vísað til formannafundar til umræðu

Næsti fundur stjórnar HSÍ er miðvikudaginn 6. desember kl.12.00.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Róbert Geir Gíslason, fundarritari